

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarnefnd

Efni: Minnisblað með niðurstöðum frumkvæðisathugunar

Dags: 11. mars 2025

Málsnúmer: 202409302/10.5

Sendandi: Sigurbjörg Fjölfnisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Greinargerð:

Þann 29. febrúar 2024 barst velferðarsviði erindi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) þar sem tilkynnt var um að stofnað hefði verið til frumkvæðisathugunar á reglum sveitarfélaga á Íslandi um stoð- og stuðningsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Meðfylgjandi eru niðurstöður þeirrar athugunar. Skoðað var hvort sveitarfélagið hafi sett sér reglur með vísun í fyrrnefnd lög og voru skoðaðar 8 reglur sem sveitarfélögum er skylt að setja eða heimilt að setja með vísun í þau lög. Einnig var skoðað hvort þær hafi lagatilvísun og hafi verið uppfærðar með tilliti til breytingar á lögum um þjónustu við fatlað fólk sem tóku gildi á árinu 2018. Mosfellsbær hefur í gildi allar þær reglur sem skylt og heimilt er að setja skv. fyrrgreindu. Eingöngu barst ein ábending vegna þeirra, sem eru reglur um stuðningsfjölskyldur. Þegar hefur verið hafist handa við að endurskoða þær reglur og er áætlað að þær verði lagðar fyrir fund velferðarnefndar í apríl.

Virðingarfyllt,
Sigurbjörg Fjölfnisdóttir

Fylgiskjal:

- Niðurstöður frumkvæðisathugunar GEV á stoð- og stuðningsþjónustureglum sveitarfélaga, febrúar 2025.
- Niðurstöður frumkvæðisathugunar á stoð- og stuðningsþjónustureglum Mosfellsbæjar, september 2024.